



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2026

LOKA3HU08

Undirbúningsáfangi fyrir
sveinspróf

Kennari/kennarar:	Hjalti Guðmundsson (HG)	hjalti@fsu.is
	Óskar Helgi Guðnason (OHG)	oskar.helgi@fsu.is

Áfangalýsing:

Unnin eru verkefni, líkt þeim sem tekin eru fyrir í sveinsprófi. Þau krefjast þess að nemendur nýti og samþætti þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í skóla og á vinnustað á námstímanum. Farið er í upprifjun bóklegra og verklegra þátta úr fyrri áföngum eftir því sem þurfa þykir. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í skipulagningu, Verkáætlun og framkvæmd. Reynt er að líkja eftir aðstæðum í atvinnulífinu og því hafa nemendur aðgang að öllum fyrirbyggjandi gögnum, efni, áhöldum og tækjum meðan á verkefnavinnu stendur. Nemendur hafi í huga að efni sem unnið er með verður fyrst unnið í vélum, grófbútað, afrétt og heflað í rétt mál. Síðan má einungis nota handverkfæri við alla vinnu líkt og gert er þegar sveinspróf er tekið.

Krafa um undanfara:

- TRÉS1HV08
- TRÉS1VT08
- TRÉS1VÁ05
- INNK2HH05
- HÚSA3HU09
- HÚSA3ÞÚ09

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- skipulagningu verkefna
- upplýsingaöflun
- áætlanagerð
- byggingareglugerð og skipulagslögum
- öryggisreglum og öryggisbúnaði

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- vinna eftir séruppdráttum og deilum
- vinna sjálfstætt

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- undirbúa á eigin spýtur verkefni sem honum er fengið
- geta unnið Verkáætlun og afmörkuð hönnunargögn
- geti gert efnis- og tímaáætlun
- geti valið heppileg áhöld og tæki fyrir einstök verkefni
- geti aflað og nýtt upplýsingar um útfærslur, efni, áhöld og tæki
- framkvæma verkefni sjálfstætt í samræmi við áætlanir
- fylgi fyrirbyggjandi Verkáætlun og hönnunargögnum
- vinna í samræmi við tímaáætlanir
- geti unnið í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- taki mið af gæðakröfum og viðurkenndu verklagi
- vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað
- gera öðrum grein fyrir verkefninu og framkvæmd þess
- geti rökstutt val á aðferðum, efnum, áhöldum og tækjum

Námsefni:

Verkefni sem kennari leggur fram bæði bókleg og verkleg. Vísan í kennslubækur, ljósrit, efni af netinu o.fl. Farið er yfir efni úr náminu til upprifjunar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

- Öll kennsla fer fram í verkmenntastofunni. Þessi hluti áfangans snýst að mestu um að smíða valmaðak og þriggja þrepa tröppu.
- Að sjálfsögðu mætum við í okkar vinnufötum í tíma, þar með talið öryggisskóm og notum persónuhlífar.
- Notum tímana í vetur til að velja okkur handverkfæri - handverkfæri sem okkur finnst gott að nota við mismunandi verkhluta við smíði á valmaðaki og tröppu. Höfum í huga að við þurfum að skaffa öll verkfæri er við komum til með að nota á sveinsprófi, þar með talið teikniáhöld, við munum væntanlega fá teikningu í mælikvarða 1 : 5 og þurfum að yfirfæra hana í 1 : 1 til að auðvelda okkur vinnuna við valmaðak og tröppuna.
- Muna að teikninginn er mjög mikilvæg til þess að hægt sé að smíða eftir henni.

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
------	------------	--------------------------	------------------

1 - 4	6.- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Teikna valmaþak Teikna tröppu
5 - 8	2.-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Smíða valmaþak Smíða tröppu
9 - 12	1.-27. Mars. 30. Mars-7. April	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars. Páskafrí	Smíða valmaþak Smíða tröppu
13 - 16	7.- 30. apríl		Smíða valmaþak Smíða tröppu
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Loka mat á þaki og tröppu

Sérreglur áfangans:

Vinnufatnaður og öryggismál

Vinnufatnaður er skilda í tímum, þar með taldir öryggisskór, nemandi fær ekki aðgang að verklegum tímum án þessa búnaðar.

Nemendur temji sér frá fyrsta degi notkun persónuhlífa og fari eftir reglum varðandi öryggishlífar á öllum vélum og verkfærum sem búnar eru slíkum búnaði, kennari kemur til með að fylgja þessu eftir í samstarfi við nemendur.

Raunmæting í verklega áfanga:

Nemendur verða að gera ráð fyrir að raunmæting í verklega áfanga verður að vera í réttu hlutfalli við hámarks fjarvistarstig hvers áfanga, **sömu reglur gilda um nemendur með opið vottorð.**

Eldri nemendur sem stunda vinnu í sömu iðngrein með skóla geta gert D samning um verklega áfanga sem aldrei er þó með minni mætingarkröfu en 50%.

Í þessum áfanga er nauðsynlegt að byrja með fulla mætingu og sjá svo til hvernig gengur og gera stöðumat á hugsanlegum afslætti á mætingu.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar.

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. **[Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.](#)**

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Valmápak	Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	30%
Trappa	Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	30%
Teikning	Valmápak og Trappa	20%
Verklag og framför	Símat þrisvar á önn Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	10%
Ástundun og virkni	Símat þrisvar á önn Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautarskóli Suðurlands, 15 desember 2025 Óskar Helgi Guðnason, Hjalti Guðmundsson

Yfirfarið og samþykkt 15 desember 2025.

Lárus Gestsson fagstjóri